

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 192/2012

2013/EES/6/02

frá 26. október 2012

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2012 frá 8. mars 2012 varðandi það markmið Sambandsins að draga úr *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í hópum holdakjúklinga, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 233/2012 frá 16. mars 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykkt breyttrar landsáætlunar Danmerkur um varnir gegn riðuveiki <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/825/ESB frá 8. desember 2011 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilteknir lagardýrasjúkdómar berist til hluta Írlands, Finnlands og Svíþjóðar <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/111/ESB frá 10. febrúar 2012 um breytingu á ákvörðun 2007/453/EB að því er varðar stöðu Danmerkur og Panama með tilliti til kúariðu <sup>(4)</sup>.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 200/2012 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007 <sup>(5)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2:  
„– **32011 D 0825**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/825/ESB frá 8. desember 2011 (Stjtið. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 53).“
2. Texti 47. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007) í hluta 7.2 falli brott.
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 49. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB) í hluta 7.2:  
„– **32012 D 0111**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/111/ESB frá 10. febrúar 2012 (Stjtið. ESB L 50, 23.2.2012, bls. 49).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 71, 9.3.2012, bls. 31.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 78, 17.3.2012, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 53.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 50, 23.2.2012, bls. 49.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21.

4. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 56. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 931/2011) í hluta 7.2:

„57. **32012 R 0200**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 200/2012 frá 8. mars 2012 varðandi það markmið Sambandsins að draga úr *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í hópum holdakjúklinga, eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 (Stjtið. ESB L 71, 9.3.2012, bls. 31).

58. **32012 R 0233**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 233/2012 frá 16. mars 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar samþykkt breyttrar landsáætlunar Danmerkur um varnir gegn riðuveiki (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2012, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 200/2012 og (ESB) nr. 233/2012 og ákvarðana 2011/825/ESB og 2012/111/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Atle Leikvoll**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.